

Leiðsagnarmat

Leiðbeiningar fyrir nemendur og foreldra


Leiðsagnarmat gefur aukna möguleika á samstarfi nemenda, foreldra og skóla við markmiðssetningu og mat á stöðu og líðan nemenda. Þátttaka nemandans felur í sér að íhuga, meta og skrá eigin árangur og líðan. Leiðsagnarmatið getur m.a. nýst sem góður grunnur að foreldra-/nemendaviðtali.

Hægt er að skrá matið bæði á svæði foreldra og nemenda.

Hvernig finna foreldrar lykilorð barna sinna?

- Foreldrar skrá sig inn á Mentor.is með kennitölunni sinni og lykilorði.
- Smelltt er á á flipann *Almennar upplýsingar* á nemendaspjaldinu. Hægra megin á spjaldinu sést þá lykilorð nemandans.




Hvernig fer matið fram?

- Foreldri eða nemandi skráir sig inn í kerfið með kennitölunni sinni og lykilorði.
- Smelltt er á *Leiðsagnarmat* á bláa hlutanum vinstra megin á skjánum.
- Til að skrá á matsblaðið er smelltt á merkið 
- Nemandinn metur sig sjálfur eða með aðstoð foreldra.
- **Ath! Munið að smella á skrá/uppfæra efst eða neðst á skjánum þegar mati er lokið eða helst eftir hvern hluta fyrir sig til að vista skráninguna.**


Í fyrsta hluta matsblaðsins er námsframmistaða metin út frá nokkrum þáttum með þriggja stiga skala. Notuð eru tákni. Smelltt er einu sinni í reit til að fá fyrsta táknið, tvisvar til að fá það næsta og þrisvar sinnum til að fá þriðja táknið. Skráð er athugasemd ef við á í textareit aftan við námsgreinar.

Námsframmistaða		Metnaður	Sjálfstæði	Samstarfshæfni	Frágangur/vinnubrögð	Virkni/vinnusemi
Sund	Nemandi					
	Kennari					
Lífsleikni	Nemandi					
	Kennari					
Stærðfræði	Nemandi					
	Kennari					
Íþróttir	Nemandi					
	Kennari					
Lestur	Nemandi					
	Kennari					
Samfélagsfræði	Nemandi					
	Kennari					

Skráið athugasemd ef við á í textareit




Smellið í reitina til að skrá inn tákni. Við einn kemur , við annan smell kemur  og við þriðja smell kemur 

 Til fyrirmyndar

 Stendur sig vel

 Þarf að leggja sig meira fram

Á bak við tákni standa eftirfarandi fullyrðingar.

Frammistöðumat	 Til fyrirmyndar	 Stendur sig vel	 Þarf að leggja sig meira fram
Metnaður	Hefur mikinn metnað til að standa sig vel og leggur sig fram um að gera sitt besta.	Er oftast metnaðarfullur og leggur sig yfirleitt fram við vinnu sína.	Er almennt metnaðarlaus í garð verkefna og leggur sig sjaldnast fram.
Sjálfstæði	Vinnur sjálfstætt og/eða kemur með eigin útfærslur verkefna. Sýnir frumkvæði.	Er oftast sjálfstæður í vinnubrögðum og sýnir stundum frumkvæði.	Er ósjálfstæður í vinnubrögðum og þarf mikla hvatningu við vinnu. Skortir frumkvæði.
Samstarfshæfni	Vinnur vel með öðrum og leggur sitt að mörkum, hlustar og tekur til greina hugmyndir annarra.	Vinnur nokkuð vel með öðrum og er samstarfsfús. Leggur oftast sitt af mörkum og getur tekið til greina hug annarra.	Á erfitt með að vinna með öðrum, tekur sjaldan tillit til skoðana annarra, virðir ekki samskiptareglur.
Frágangur/vinnubrögð	Framúrskarandi frágangur og skipulag vinnu.	Vandar oftast frágang og skipulag vinnu.	Frágangi verkefna og skipulagi er ábótavant.
Virgni/vinnusemi	Hlustar á og fer eftir fyrirmælum kennara. Kemur sér sjálfur af stað í vinnu og er virkur í kennslustundum.	Fylgist oftast með og fer eftir fyrirmælum. Þarf stundum hvatningu til að koma sér af stað í vinnu. Virkni í kennslustundum er oftast góð.	Á erfitt með að hlusta og fara eftir fyrirmælum kennara. Þarf mikla hvatningu við að koma sér af stað í vinnu. Er oft óvirkur í kennslustundum.

Í öðrum hluta matsins á nemandi að fylla inn í reitina hvernig nemandi hann telur sig vera (styrkleika, hvað þarf að bæta) og hvernig nemandi hann vill vera (markmið).

Hvernig nemandi er ég? (styrkleikar/hvað þarf að bæta?)

Hvernig nemandi vil ég vera? (markmið)

Í þriðja hluta matsins er metið með sama hætti og í fyrsta hlutanum en nú er skipulag, líðan, heimanám, stundvísi og hegðun metin. Hægt er að skrá athugasemdir aftan við hverja setningu.


Skipulag		
Vinnur vel í kennslustundum.	Nemandi	
	Kennari	
Líðan		
Líður vel í matartímum.	Nemandi	
	Kennari	
Líður vel í frímínútum.	Nemandi	
	Kennari	
Líður vel í kennslustofu.	Nemandi	
	Kennari	
Líður vel á göngum skólans.	Nemandi	
	Kennari	
Líður vel í búningsklefa í íþróttahúsi.	Nemandi	
	Kennari	
Heimanám		
Sinnir heimanámi vel.	Nemandi	
	Kennari	
Notar Mentor til að fylgjast með heimanámi og öðrum upplýsingum frá skólanum.	Nemandi	
	Kennari	
Stundvísi		
Leggur sig fram við að mæta á réttum tíma í kennslustundir	Nemandi	
	Kennari	
Hegðun		
Fer eftir fyrirmælum kennara.	Nemandi	
	Kennari	

Athugið að hér hafa táknið aðra merkingu en í fyrsta hluta.

 Oftast

 Stundum

 Sjaldan

Dagsetningar við Leiðsagnarmat sýna hversu lengi matið er opið til skráningar. Eftir að skráningu er lokið getur kennari birt sitt mat á sömu þáttum á svæði nemandans. Til að nálgast mat kennara smella nemendur og foreldrar á merkið  við Leiðsagnarmatið. Þá sést bæði mat nemanda og kennara á einu yfirlitsblaði.

Gangi ykkur vel 😊